

IÐGJÖLD EINKABÍLA HVAÐ HEFUR ÁHRIF?



Við ákvörðun iðgjalda einkabíla er ýmislegt sem hefur áhrif. Stundum hafa sömu þættir áhrif bæði til lækkunar og hækkunar á iðgjöldum. Hér að neðan má sjá nokkur dæmi um áhrifaþætti.



ÞYNGD

Þyngri bifreiðar verja ökumann og farþega betur í slysi og því er sá hluti iðgjaldsins **lægri**. Þyngri bifreið er hins vegar líklegri til að valda öðrum ökutækjum og munum meira tjóni, því er sá þáttur iðgjalds **hærri**.



LITUR

Litur hefur óveruleg áhrif á iðgjöld, en þó er aukin áhætta, m.a. vegna **verri sýnileika** ákveðinna lita.



ALDUR BÍLS

Aldur bíls hefur eingöngu áhrif á iðgjöld bílrúðu- og kaskótryggingar. Almennt eru bílrúður og vara-hlutir **ódýrari í eldri bílum**.



ÁHÆTTUSVÆÐI

Í dreifbýli eru **ábyrgðartjón ólíklegri** en í þéttbýli. Í dreifbýli eru hins vegar **meiri líkur á altjóni** í kaskó heldur en í þéttbýli.



VERÐMÆTI

Verðmæti bifreiðar hefur eingöngu áhrif á iðgjöld **kaskótryggingar** en ekki ábyrgðartryggingar.



ALDUR VÁTRYGGÐS

Með hækkandi aldri vátryggðs lækka allar trygg-ingar nema **bílrúðuþrygging**, en aldur hefur ekki áhrif á þau iðgjöld. Aldur ökumanns er einn stærsti áhættuþátturinn í umferðarslysum



EIGIN ÁHÆTTA

Hægt er að lækka iðgjöld kaskótryggingar með hærri **eigin áhættu**.



ORKUGJAFI

Bifreiðar sem ganga fyrir **umhverfisvænni** orku-gjöfum fá sjálfvirkt lægri iðgjöld

Þessi listi er ekki tæmandi heldur einungis til að gefa einhverja hugmynd um áhrifaþætti þegar iðgjöld einkabíla eru ákveðin. Áhættan er metin út frá gögnum VÍS og eru í stöðugri endurskoðun.